

Lög UNIT, félags tækni- og tölvunarfræðinema við Háskólann á Akureyri

I. Nafn, aðsetur og tilgangur

1. gr. Félagið heitir UNIT, kt. 600802-3560, félag tæknifræði- og tölvunarfræðinema við Háskólann á Akureyri og er aðildarfélag SHA. Aðsetur þess er í húsakynnum Háskólans á Akureyri.

2. gr. Meðlimir félagsins

2.1. Heimild til skráningar í félagið hafa þeir stúdentar sem skráðir eru í Háskólann á Akureyri.

2.2. Stjórn hefur heimild til þess að innheimta skrásetningargjald til félagsins.

2.3. Allir Stúdentar við Háskólann á Akureyri sem greitt hafa skráningargjöld ár hvert og eru brautskráðir í Háskólanum í Reykjavík og í tækni- eða tölvunarfræði, eru fullgildir meðlimir.

2.4. Félagsmenn einir hafa atkvæðisrétt á aðal- og félagsfundum.

3. gr. Markmið félagsins

3.1. Að gæta sameiginlegra hagsmuna tæknifræði- og tölvunarfræðinema og vera málsvari þeirra

innan skóla sem utan.

3.2. Að halda uppi öflugum tengslum við alla nemendur tæknifræði- og tölvunarfræðideildar.

3.3. Að vinna að aukinni samheldni meðal nemenda.

3.4. Að standa fyrir ferðum, fræðslufundum og skemmtunum fyrir félagsmenn sína.

4. gr. Nú leysist félagið upp og renna þá öll réttindi og skyldur til SHA

5. gr. Aðeins félagsmenn UNIT hafa atkvæðisrétt og kjörgengi í stjórn og önnur embætti sem kosið er til á aðalfundi. Einfaldur meirihluti skal ráða niðurstöðum kosninga á aðalfundi.

6. gr.

6.1. Stjórn félagsins skal kosin í leynilegri kosningu.

6.2. Allir stjórnarmeðlimir skulu kosnir í sérstakri kosningu.

7. gr.

7.1. Falli atkvæði jöfn við kjör skal endurtaka kosningu milli viðkomandi frambjóðenda og falli atkvæði enn jafnt, ræður hlutkesti.

7.2. Sé aðeins einn frambjóðandi í kjöri telst hann sjálfkjörinn.

8. gr. Kjörnefnd skal skipuð þremur nemendum á aðalfundi og er hennar hlutverk að

annast skipulag og framkvæmd kosninga.

II. Stjórn

9. gr.

9.1. Í stjórn skulu sitja 5 eða 6 aðilar sem gegna eftirfarandi embættum: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, landsbyggðarfulltrúi og fulltrúi 1. árs nema.

Formaður og varaformaður skulu vera úr sitt hvorri deildinni. Þá er annar þeirra nemandi í tölvunarfræðideild og hinn úr tæknifræðideild.

9.2. Allir stjórnarmeðlimir hafa jafnan atkvæðisrétt í öllum athöfnum stjórnar.

9.3. Fulltrúi 1. árs nema situr í stjórn út skólaárið, nema hann sé kosinn í önnur embætti innan stjórnar á aðalfundi.

9.4. Sé fulltrúi 1. árs nema kosinn í stjórn UNIT á aðalfundi, skal ný stjórn sjá til þess

að 1. árs nemar kjósi sér nýjan fulltrúa sem situr út skólaárið.

10. gr. Hlutverk stjórnarmeðlima

Formaður

10.1. Formaður hefur yfirumsjón og ber ábyrgð á starfsemi stjórnar og stýrir fundum, í forföllum hans varaformaður. Hann skal boða til félags- og stjórnarfunda

svo oft sem þess gerist þörf og verður hann þá fundarstjóri eða skipar annan aðila til

þeirra starfa. Formaður skal einnig sjá til þess að lög félagsins séu uppfærð í samræmi við lagabreytingar sem samþykktar eru á aðalfundi.

10.2. Formaður ber ábyrgð á hagsmunamálum tölvunarfræðinema og situr

deildarfundi tölvunarfræðideildar, deildarráðs- og fræðasviðsfundi Viðskipta- og raunvísindasviðs fyrir hönd nemenda og er fulltrúi UNIT í Stúdentaráði SHA.

10.3. Formaður skal boða forföll sín til varaformanns með hæfilegum fyrirvara, geti hann ekki gengt áður nefndum skyldum sínum.

Varaformaður

10.4. Varformaður skal vera formanni innan handar í öllum málum og gegna starfi formanns í forföllum hans. Ef varaformaður getur ekki gengt því hlutverki skal annar

stjórnarmeðlimur taka hans stað. Varaformaður sér um að viðburðir séu haldnir reglulega.

Ritari

10.5. Ritara ber að skrá fundargerðir og koma þeim í skjalamöppu SHA. Einnig gegnir hann stöðu ritara á aðalfundi félagsins.

10.6. Ritari skrifar ársskýrslu félagsins og skilar til framkvæmdastjórnar SHA áður en

aðalfundur UNIT er haldinn.

10.7. Ritari hefur yfirumsjón með Facebook síðu félagsins.

Gjaldkeri

10.8. Gjaldkeri hefur yfirumsjón með fjárreiðum allra nefnda og ráða á vegum félagsins, einnig hefur hann umsjón með öllum fjárreiðum félagsins sem og styrkbeiðnir í samráði við stjórn og undirfélög. Þarf hann að standa skil á fjárreiðum

félagsins á aðalfundi þess.

Landsbyggðarfulltrúi

10.9 Landsbyggðarfulltrúi er valkvæð staða innan stjórnar félagsins. Hlutverk hans er að efla tengsl og samskipti nemenda á landsbyggðinni við staðarnema.

Fulltrúi 1. árs nema

10.10. Fulltrúi 1. árs nema er kosinn af 1. árs nemum tæknifræði- og tölvunarfræðideildar fyrir lok september hvers skólaárs. Skal hann halda uppi öflugum og góðum tengslum milli stjórnar UNIT og nema á 1. ári.

Meðstjórnendur

10.11. Meðstjórnendur geta verið að hámarki 2, einn frá hvorri braut og bera það hlutverk að hjálpa stjórninni í ýmsum verkefnum.

III. Vantraust á meðlimi stjórnar

11. gr.

11.1. Á félagsfundum getur félagsmaður borið upp vantraust á meðlim eða meðlimi stjórnar. Tillaga hans þarf að hljóta samþykki 2/3 fundarmanna til að hún nái fram að ganga enda sé a.m.k. þriðjungur félagsmanna á félagsfundinum.

11.2. Segi stjórnarmaður af sér eða ef samþykkt er vantraust á stjórnarmann skal stjórn þegar tilkynna um forföll fráfarandi stjórnarmanns. Ekki þarf að skipa í allar stöður ef formaður segir sig út.. Sé samþykkt vantraust á formann félagsins skal öll stjórnin segja af sér og boða skal til aðalfundar þar sem ný stjórn er kosin.

11.3. Boða skal til félagsfundar, þar sem félagsmönnum UNIT gefst kostur á að kjósa

á milli nýrra frambjóðenda.

11.4. Komi sú staða upp að enginn bjóði sig fram, skal stjórn skipa einstakling úr röðum félagsmanna til að taka við stöðunni.

IV. Kafli Félagafundir

12. gr. Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal haldinn eigi síðar en viku fyrir aðalfund SHA. Á fundinum eiga rétt til setu allir skráðir félagsmenn UNIT. Til aðalfundar skal boða með minnst 7 daga fyrirvara á samfélagsmiðlum félagsins, telst hann þá löglegur.

13. gr. Ef aðalfundur telst ekki löglegur skal boða til nýs aðalfundar að viku liðinni og telst sá fundur þá löglegur.

14. gr. Dagskrá fundarins skal vera sem hér segir:

1. Fundur settur.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skipun kjörnefndar.
4. Lagabreytingar.
5. Skýrsla fráfarandi stjórnar.
6. Skýrsla gjaldkera og afgreiðsla reikninga.
7. Kosning 4 nemenda í stjórn.
 - 7.1. Kosning formanns.
 - 7.2. Kosning varaformanns.

7.3. Kosning gjaldkera.

7.4. Kosning ritara.

7.5 Kosning meðstjórnanda

8. Kosning í fastanefndir.

8.1. Kosning fulltrúa UNIT í Viðburðanefnd SHA.

8.2. Kosning fulltrúa UNIT í Kynninganefnd SHA.

9. Önnur mál.

10. Fundi slitið.

15. gr. Eftir aðalfund skal fráfarandi stjórn boða nýja stjórn til stjórnarskiptarfundar.

16. gr. Reikningar félagsins skulu miðast við aðalfund ár hvert.

17. gr. Félagsfund ber að halda hvenær sem stjórnin álitur nauðsynlegt. Þá skal halda félagsfund ef tíundi hluti félagsmanna óskar þess.

18. gr.

18.1. Kynningarkvöld fyrir 1. árs nema skal haldið á haustönn við upphaf skólaárs. Aðalmarkmið þess er að kynna námið, stjórn félagsins og starfsemi þess.

18.2. Á kynningarkvöldi skal hlutverk fulltrúa 1. árs nema, í stjórn UNIT kynnt og óska skal eftir framboðum.

19. gr. Lausafjárstaða UNIT skal eigi vera minni en sem nemur 100.000 krónum við stjórnarskipti.

20. gr. Sé lausafjárstaða UNIT meiri en sem nemur 600.000 krónum við stjórnarskipti fær félagið ekki árlegt framlag SHA á komandi skólaári.

21. gr. Liggi sérstök ástæða að baki svo hárrí lausafjárstöðu UNIT má senda skriflega beiðni til SHA um undanþágu á ákvæði 20. gr.

22. gr. Lagabreytingar skulu eingöngu eiga sér stað á aðalfundi. Til að lagabreyting öðlist gildi þarf hún að vera samþykkt af a.m.k. 2/3 hluta skráðra félaga UNIT sem mættir eru á löglegan aðalfund.

23. gr. Stangist lagaákvæði í lögum UNIT á við lög SHA skulu lög SHA ráða. Gera skal viðeigandi lagaúrbætur á næsta aðalfundi. Verði lögum SHA breytt á þann veg að það hafi áhrif á starfsemi UNIT skal stjórn UNIT gera viðeigandi ráðstafanir til að mæta viðkomandi breytingum.

Lög þessi voru samþykkt á aðalfundi UNIT 27. febrúar 2026